



**NORDURPING**

# **MANNFJÖLDAÞRÓUN Í NORDURÞINGI**

**2000 – 2006**

**SEPTEMBER 2007**

September 2007

Þekkingarsetur Þingeyinga

*Forsíðumyndir:*  
Húsavíkurkirkja, Raufarhöfn, Kópasker  
og Dettifoss (Mats Wibe Lund)

*Ritstjórn og ábyrgð:*  
Þekkingarsetur Þingeyinga  
Óli Halldórsson

*Framkvæmd og ritun*  
Þekkingarsetur Þingeyinga  
Haraldur Reinhardsson

|   |   |
|---|---|
| Inngangur .....                             | 1 |
| Íbúapróun Norðurljóps .....                 | 2 |
| Íbúapróun gömlu sveitarfélaganna .....      | 3 |
| Húsavíkurbær .....                          | 3 |
| Kelduneshreppur .....                       | 4 |
| Öxarfjarðarhreppur .....                    | 5 |
| Raufarhafnarhreppur .....                   | 6 |
| Íbúasamsetning landsins - samanburður ..... | 7 |
| Niðurstöður .....                           | 8 |

## Inngangur

Við sameiningu sveitarfélaga verður jafnan torveldara að sækja upplýsingar um íbúapróun og bera þær saman fyrir og eftir sameiningu. Árið 2006 varð sveitarfélagið Norðurþing til með sameiningu Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps<sup>1</sup>. Íbúapróun í þessu nýja sveitarfélagi hefur ekki verið áður tekin saman og var því talið að gagnlegt að gera samanburðarathugun á helstu þáttum íbúapróunar frá því síðustu árin fyrir sameiningu.

Í þessari samantekt eru íbúatölur gömlu sveitarfélaganna sem mynduðu Norðurþing birtar frá árinu 2000-2005 og einnig verður reiknaður út samanlagður mannfjöldi í hinu nýja sveitarfélagi frá 2000 þar til það var stofnað árið 2006. Settir eru fram mannfjöldapýramídar sem sýna kynja- og aldursskiptingu íbúa til að auðvelda fólki að átta sig á íbúasamsetningu sveitarfélagsins. Allar tölur sem settar eru fram eru byggðar á gögnum Hagstofu Íslands. Miðað er við íbúafjölda í sveitarfélögnum eins og hann var 31. desember ár hvert.




<sup>1</sup> Heimild: [www.nordurthing.is](http://www.nordurthing.is)

## Íbúapróun Norðurþings


Sameiningarnefnd sveitarfélaga gerði það að tillögu sinni að sveitarfélög í S- og N-Þingeyjarsýslum, að undanskyldum Svalbarðshreppi og Þórshafnarhreppi, kysu um sameiningu í eitt sveitafélag í október 2005. Úrslit kosninganna urðu þau að tillagan var samþykkt af Raufarhafnarhreppi, Öxarfjarðarhreppi og Húsavíkurbæ.<sup>2</sup> Samkvæmt lögum þurftu þau sveitarfélög sem felldu tillöguna að kjósa um hana aftur og þá samþykktu íbúar Kelduneshrepps tillöguna.<sup>3</sup>

Mynd 1.



**Mynd 1** sýnir mannfjöldabróun í sveitarfélaginu Norðurþingi frá árinu 2000-2006 en tölurnar frá 2000-2005 eru byggðar á þeim fjöldatölum sem voru í gömlu sveitarfélögunum. Fækkun á tímabilinu 2000-2006 var 6,6% í hinu sameinaða sveitarfélagi. Á milli árunna 2005-2006 fækkaði um 0,5% í sveitarfélaginu sem er umtalsvert minni fækkun en var á milli árunna fimm á undan.

Mynd 2.



**Mynd 2** sýnir íbúasamsetningu hins sameinaða sveitarfélags í lok árs 2006. Töluvert vantar inn í aldurshópinn frá 20 til 39 ára og þar af leiðandi vantar einnig inn í hópinn 0-9 ára. Annars sést að með auknum fólksfjölda kemst töluvert betra lag á kúrfu píramídans en þegar íbúar eru færri. Nokkuð jafnt hlutfall er á milli karla og kvenna í öllum aldurshópum fyrir utan 25-29 ára þar sem karlar eru fleiri.

<sup>2</sup> Heimild: <http://felagsmalaraduneyti.is/tillogur/nr/1962>


<sup>3</sup> Heimild: [http://samband.is/news.asp?id=545&news\\_ID=857&type=one](http://samband.is/news.asp?id=545&news_ID=857&type=one)

# Íbúapróun gömlu sveitarfélaganna

## Húsavíkurbær


Húsavíkurbær varð til við sameiningu Húsavíkurkaupstaðar og Reykjahrepps árið 2002.<sup>4</sup> Íbúatölur frá 2000-2001 eru frá gamla Húsavíkurkaupstað en tölur frá 2002-2005 eru frá hinu sameinaða sveitarfélagi Húsavíkurbæ, sem samanstóð af Reykjahverfi auk Húsavíkurkaupstaðar.

Mynd 3.



**Mynd 3** sýnir íbúapróun Húsavíkur frá árinu 2000-2005 fyrst sem Húsavíkurkaupstaður til 2002 en eftir það sem Húsavíkurbær. Fjöldatölur þessar eru ekki að öllu leyti marktækar þar sem árið 2002 fjölgaði í sveitarfélaginu með tilkomu fyrrnefndrar sameiningar. Fólksfækkun var 2,2% frá 2000-2005 en á milli árana 2004-2005 var fækkunin 1,9%. Gera má ráð fyrir að hlutfallslega hefði fækkunin orðið meiri ef ekki hefði komið til sameiningar.

Mynd 4.




**Mynd 4** sýnir alders- og kynjasamsetningu Húsavíkurbæjar 31. desember 2005. Sjá má að töluvert vantar inn í aldurshópana frá 20 til 34 ára og þá sérstaklega konur. Þetta er mynstur sem sjá má í vel flestum bæjum á landsbyggðinni. Af þessum sökum er aldurshópurinn 0-4 ára einnig mjög fámennur.

<sup>4</sup> Heimild: [www.nordurthing.is](http://www.nordurthing.is)

## Kelduneshreppur


Kelduneshreppur var það svæði sem í daglegu tali er kallað Kelduhverfi. Svæðið sem um ræðir liggur fyrir botni Öxarfjarðar og er sveitasamfélag þar sem landbúnaður er ríkjandi atvinnuvegur.<sup>5</sup>

Mynd 5.



Mynd 5 sýnir að frá árabílinu 2000-2005 hélst íbúafjöldi Kelduneshrepps nokkuð stöðugur fyrir svo fámennan hrepp og var fjölgun um 2,0% í hreppnum á þessum árum. Á milli 2004 og 2005 fækkaði hinsvegar um 2,9% en um er að ræða fækkun um þrjá íbúa sem telur mikið í svo fámennu sveitarfélagi.

Mynd 6.




Mynd 6 sýnir íbúasamsetningu í Kelduneshreppi árið 2005. Hún er mjög frábrugðin mynd 2 sem sýnir flöskulaga kúrfu íbúasamsetningu Húsavíkur. Þetta orsakast fyrst og fremst af því að samfélagið er mjög fámenn. Einnig sést að töluvert fleiri karlar voru búsettir í Kelduneshreppi en konur árið 2005.

<sup>5</sup>Heimild: [www.kelduhverfi.is](http://www.kelduhverfi.is)

## Öxarfjarðarhreppur


Öxarfjarðarhreppur náði frá Jökulsá á Fjöllum í vestri til Raufarhafnar í austri og upp fyrir Grímsstaði á fjöllum í suðri. Innan hreppsins var einn þéttbýliskjarni, Kópasker, en hann umlukti einnig Raufarhöfn þó bærinn væri annað sveitarfélag.<sup>6</sup>

Mynd 7.



Mynd 7 sýnir mannfjölda í Öxarfjarðarhreppi frá 2000-2005. Íbúum fækkaði í sveitarfélaginu um 9,6% á árabílinu 2000-2005 en milli áráanna 2004-2005 fækkaði þeim um 0,9%.

Mynd 8.



Á mynd 8 sést að íbúasamsetning Öxarfjarðarhrepps er óregluleg eins og íbúasamsetning Kelduneshrepps. Á mynd 6 sést að töluvert fleiri karlmenn voru íbúar sveitarfélagsins árið 2005 heldur en konur. Töluvert vantar af fólki á þrítugs- og fertugsaldri inn í samsetningu sveitarfélagsins og þar af leiðandi var ekki mikið af ungum börnum í sveitarfélaginu.


<sup>6</sup> Heimild: <http://is.wikipedia.org>



## Raufarhafnarhreppur


Raufarhafnarhreppur var landfræðilega mjög smátt sveitarfélag eða rétt rúmir 90 km<sup>3</sup>. Raufarhöfn er staðsett á austanverðri Melrakkaslétu og er við Þistilfjörð. Raufarhöfn á sér langa sögu sem verslunarstaður og kaupún en þar var verslun löggilt árið 1833.<sup>7</sup>

Mynd 9.



Á mynd 9 sést að Raufarhafnarhreppur var sá hreppur sem hafði orðið fyrir hvað mestri fólksfækkun á þeim árum sem hér eru skoðuð fyrir sameiningu í Norðurþing. Frá árinu 2000-2005 fækkaði íbúum Raufarhafnarhrepps um 32,9% sem er mjög mikil fólksfækkun á 6 árum. Á milli árunna 2004-2005 var fækkunin 6,2%.

Mynd 10.




Mynd 10 sýnir íbúasamsetningu Raufarhafnar 31. desember 2005. Mikið vantar inn í nokkra aldurshópa en það eru 20-24 ára og 45-54 ára. Einnig er aldurshópurinn 0-4 ára mjög fámennur sem skýrist aðallega á því að aldurshópurinn 20-29 ára er mjög fámennur. Það sem vekur mesta athygli á þessari mynd er að fleiri konur voru búsettir á Raufarhöfn í aldurshópnum 20-29 ára en karlar.

<sup>7</sup> Heimild: www.raufarhofn.is

## Íbúasamsetning landsins - samanburður


Til samanburðar er birt hér mynd með íbúasamsetningu landsins alls eins og hún var 31. desember 2006. Mynd 11 sýnir íbúasamsetningu alls Íslands en mynd 12 íbúasamsetningu Norðurlands. Á samanburði þessara mynda sést glögglega að íbúasamsetning Norðurlands víkur töluvert frá landsmeðaltalinu. Áberandi er að fólk á bilinu 20-40 ára og að sama skapi börn á bilinu 0-10 vantar.

Mynd 11.



Mynd 11 (sama og mynd 2) sýnir íbúasamsetningu á Íslandi í lok árs 2006.

Mynd 12.



Mynd 12 sýnir íbúasamsetningu hins sameinaða sveitarfélags Norðurlands í lok árs 2006.

## Niðurstöður

Á svæði Norðurlþings, frá Skjálfandafhljóti austur fyrir Raufarhöfn, hefur verið viðvarandi fólksfækkun á þeim tíma sem þessi samantekt nær til (2000-2006).

Raufarhafnarhreppur er sá af gömlu hreppunum sem sameinuðust í Norðurlþing sem afgerandi mest hefur orðið fyrir barðinu á fólksfækkun. Þar fækkaði um tæp 33% á milli árána 2000-2005. Öxarfjarðarhreppur varð fyrir rúmlega 9% fólksfækkun á tímabilinu á meðan 2% fjölgun varð í Kelduneshreppi. Þá fækkaði íbúum Húsavíkurbæjar um rúm 2%.

Sé íbúapróun alls svæðisins sem Norðurlþing nær til skoðuð aftur í tímann sést að fækkun hefur verið um 2% á ári á tímabilinu 2000-2005. 2005-2006 var fækkun hinsvegar ekki nema 0,5%. Á tímabilinu 2000-2006 var fækkun alls 6,6% á svæði hins sameinaða sveitarfélags.

Hvað aldurssamsetningu varðar leiðir þessi samantekt það í ljós að nokkuð vantar inn í aldurshópinn frá 20 til 39 ára og að sama skapi inn í hópinn 0-9 ára.

Kynjahlutfall íbúa Norðurlþings í heild er nokkuð jafnt í flestum aldurshópum að því undanskildu að karlar eru fleiri í aldurshópnum 25-29 ára.

Ef íbúasamsetning innan Norðurlþings er borin saman við íbúasamsetningu á Íslandi í heild má sjá tölulverð frávik. Nokkuð vantar inn í aldurshópinn frá 20 til 39 ára og að sama skapi inn í hópinn 0-9 ára.